



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Lærdómssamfélag Vogaskóla og MS VSOMS

Skólaárið 2019-2020



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Menntaskólinn við Sund og Vogaskóli

Nafn verkefnis: Lærdómssamfélag Vogaskóla og MS 2019-2020

Nafn verkefnisstjóra: Helga Sigríður Þórsdóttir og Snædís Valsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS – 191 2019 - 2020

Markmið þróunarverkefnisins voru að:

- í MS og Vogaskóla verði til faglegt lærdómssamfélag í kringum samvinnuverkefni skólanna þar sem ríkir sameiginleg sýn á samstarfið og kennarar og nemendur læra hver með öðrum og hver af öðrum.
- efla, stækka og formgera lærdómssamfélag nemenda og starfsmanna Vogaskóla og Menntaskólans við Sund. Undanfarin ár hefur verið samstarf á milli skólanna en nú var ætlunin að styrkja það enn frekar og festa í sessi svo það verði ekki háð einstaka starfsmönnum. Auk þess var markmiðið að samstarfið nái til fleiri þátta og þannig myndist breiður grunnur að lærdómssamfélagi.

Fræðilegur bakgrunnur

Fræðimenn í menntavísindum telja að faglegt lærdómssamfélag kennara (e. professional learning community) í skólum geti myndað vinnumenningu sem stuðlar að framþróun í skólakerfinu. Faglegt lærdómssamfélag kennara byggir á hugmyndinni um að kennarar vinni saman að því að móta skólastarfið, byggja upp nauðsynlega þekkingu á námi og kennslu og séu því lykilaðilar í stefnumótun um skólastarf. Sú ígrundun og samvinna sem felst í lærdómssamfélagi er að margra mati talin vera lykill að skólaþróun, þar sem þátttakendur leitast við að gera jákvæðar og styrkjandi umbætur á starfi sínu í þeim tilgangi að gera skólann betri fyrir nemendum (Anna Kristín Sigurðardóttir; 2013 og Hord 2004).

Markmiðið með verkefninu er annarsvegar að koma sameiginlegum verkefnum skólanna sem þegar eru til staðar í fastmótað ferli og hinsvegar að leggja grunn að faglegu lærdómssamfélagi kennara skólanna sem felur í sér frekari þróun á samstarfi milli nemenda, kennara og annarra starfsmanna.

Afrakstur verkefnisins ætti að auka samfellu milli skólastiga, bæta nýtingu á þekkingu og reynslu og stuðla að uppbygging samskipta milli nemenda á ólíku aldursstigi. Nemendur verða í kjölfarið meðvitaðri um nágrannaskólann og öðlast tilfinningu fyrir því að vera hluti af sömu heild bæði hverfisins og skólakerfisins. Verkefnið eykur gagnkvæma virðingu starfsfólks skólanna þar sem það miðlar hugmyndum og aðferðum um betri kennslu á milli skólastiga með það að markmiði að gera skólann betri fyrir nemendur.

Í lærdómssamfélagi setur starfsfólkið sér langtíamarkmið og skilgreinir leiðir til þess að ná markmiðunum. Þegar einstaka markmiðum er náð er ferlið ígrundað og tekið saman. Ábyrgðinni er þannig varpað á kennara sjálfa og þeir verða miðpunktur ferlisins. Þannig verða þeir eigendur bæði þekkingarinnar og ákvarðananna sem koma í kjölfarið. Hargreaves og Fullan (2012) og Hord (2004) tala um kraftinn sem myndast í jafningjahópnum þar sem

samskipti eru góð, traust ríkir og fólk trúir á getu hver annars (e. collective efficacy). Það var stefnan að skapa slík skilyrði meðal kennara skólanna svo kennarar sem jafningjar, sama hvort þeir kenna á grunn- eða framhaldskólastigi, verði skapandi drifkraftur í skólastarfinu. (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Hord og Roy, 2013).

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðunum:

- Myndaður var ca. 19 manna hópur kennara sem tók þátt í verkefninu, átta kennarar frá hvorum skóla auk þriggja stjórnenda þar sem tveir stjórnendur komu frá Vogaskóla.
- Verkefnastjórar skipulögðu fundi. Skipulagðir voru einn til tveir fræðslufundir/vinnustofur í mánuði frá októberbyrjun til loka apríl með uppskeruhátíð í maí.
- Verkefnisstjórar skólanna sáu um að skipuleggja og boða fundina með kaffispjalli í upphafi hverrar samveru.
- Kennarar skólanna völdust í verkefnið með ólíkum hætti. Í Vogaskóla var verkefnið hluti af skipulagðri starfsþróun skólans fyrir umsjónarkennara í unglingadeild. Í MS var óskað eftir áhugasömum kennurum til þess að taka þátt í verkefninu. Í upphafi buðu fleiri kennarar MS sig fram en rými var fyrir en átta manna hópur stóð eftir sem þátttakendur.
- Kennarar hvors skóla fyrir sig byrjuðu á að hittast innbyrðis og ræða um verkefnið og eigin væntingar til þess.
- Mismunandi fundir skipulagðir yfir skólaárið. Línur voru lagðar á sameiginlegum fundum allra. Faggreinakennarar skólanna hittust í minni hópum, lögðu áherslu á að kynnst og kynna fyrir hver öðrum starf sitt og aðstöðu.
- Faggreinahóparnir lögðu fram áætlanir um samstarf og varð niðurstaðan sú að í stað þess að vinna að einu stóru sameiginlegu verkefni allra væri betra að vinna saman í smærri hópum.
- Skipulag lokaafurðar var mismunandi eftir faggreinum. Kennarar í dönsku, þýsku, frönsku og stærðfræði formgerðu fyrra samstarf á meðan kennarar í ensku, félagsfræði og raungreinum tóku ákvörðun um að vinna saman að stærri nemendaverkefnum milli skólastiga.

Verkpáttur 1: Fræðsla og fyrirlestrar fyrir starfsfólk skólanna

Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor við Menntavísindasvið HÍ kom og kynnti fyrir hópnum hugmyndafræðina á bak við fagleg lærdómssamfélög.

Þórunn Steindórsdóttir félagsfræðikennari í MS hélt erindi um leiðsagnarnám, matskvarða og jafningjamat.

Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran enskukennari í MS hélt erindi um rafrænar vinnubækur í OneDrive og ritstuldarforritið Turnitin.

Helga Sigríður Þórsdóttir konrektor MS hélt erindi um „Sýnilegt nám og rannsóknarnemandann“

Þorbjörg Skúladóttir aðstoðarskólastjóri Vogaskóla hélt erindi um innleiðingu hæfniviðmiða og hæfnikorta í Vogaskóla.

Rannveig Möller og Hafdís Matsdóttir stærðfræðikennarar í Vogaskóla héldu erindi um stærðfræðikennslu og hæfniviðmið.

Verkpáttur 2: Samvinnufundir kennara MS og Vogaskóla

Lagður grunnur að lærdómssamfélagi skólanna. Kennarar hvors skóla fyrir sig funduðu áður en verkefnið fór af stað og kennarar Vogaskóla funduðu á vikulegum árgangafundum í Vogaskóla. Sérstakur teymisstjóri hélt utan um vinnu og dagskrá kennara í Vogaskóla. Verkefnisstjórar lögðu fram dagskrá fundar vetrarins í upphafi með fastsettum tímasetningum og hélst það skipulag vel framan af. Einnig unnu verkefnisstjórar saman að því að setja saman dagskrá fyrir hvern fund og meta stöðuna hverju sinni.

Á stefnumótunarfundum í upphafi var ákveðið hvernig samvinnan yrði en endanlegar ákvarðanir um samstarfsverkefni voru ekki teknar fyrr en í janúar. Lögð var áhersla á að styrkja þá samvinnu sem þegar var til staðar á milli skólanna til dæmis á sviði tungumála (tungumáladagurinn) og stærðfræði (stærðfræðidagurinn) en ýmsar aðrar háleitar hugmyndir komu fram eins og að samnýta betur skólahúsnæðin og fara í stór samvinnuverkefni með nemendum til dæmis að halda góðgerðar-, lista- eða umhverfisviku.

Verkpáttur 3: Fámennir fundir fagreinakennara

Frá nóvember 2019 unnu kennarar tengdra námsgreina saman í þörum. Þörin voru skipulögð þannig að kennarar í stærðfræði, ensku, raungreinum, félagsgreinum og öðrum tungumálum mynduðu smærri hópa.

- Afrakstur sameiginlegra funda kennara beggja skóla: Nemendur í MS fóru í heimsókn í Vogaskóla á tungumáladaginn í september og kenndu nemendum yngri bekkja, þýsku, frönsku, dönsku og spænsku.
- Í desember og á stærðfræðidaginn í febrúar fengu nemendur úr Vogaskóla að sækja kennslu í MS. Nemendur í MS tóku á móti nemendum og leystu með þeim stærðfræðiþrautir.
- Nemendur í 1. bekk Vogaskóla komu í heimsókn í MS til þess að sjá og fræðast um steinasafn skólans.
- Nemendur í ensku í MS bjuggu til fræðsluefni á ensku fyrir nemendur í Vogaskóla. Efnið var tekið upp og sent með rafrænum hætti í Vogaskóla þegar skólinn var lokaður fyrir nemendum á vormánuðum.

Verkpáttur 4: Formgerð lærdómssamfélagsins

Til stóð að skrá frekari verkferla fyrir það samstarf sem þegar var til staðar á milli skólanna en það hefur aðeins verið gert í sambandi við tungumáladaginn. Einnig stóð til að útbúa líkan að samstarfi milli skólastiga og verður það gert á nýju ári. Með skýrslu þessari hefur verkefnið og afrakstur þess verið tekinn saman og skýrsla skrifuð. Stjórnendur skólanna áætla að standa fyrir námskeiði í starfendarannsóknum kennara á vormánuðum 2020 og taka upp þráðinn að samstarfi að nýju í síðasta lagi á nýju á skólaári 2021-2022.

Frávik miðað við áætlun og framkvæmd verkefnisins:

Helstu frávik og afdrifaríkustu eru þau að verkefnið hreinlega lagðist af í mars 2020. Í fyrstu töldu verkefnisstjórar að hægt yrði að taka upp þráðinn að nýju á nýju skólaári en það reyndist ekki raunhæft miðað við aðstæður og bann við blöndun ólíkra hópa í skólakerfinu. Þrátt fyrir að það hefði hæglega verið hægt að koma fyrir fjarfundum og fjarnámskeiðum mátu stjórnendur skólanna það svo að hver skóli hefði nóg með sitt í sibreytilegu starfsumhverfi skólanna. Kennarar í

grunnskólanum hafa þurft að vinna við hólfaskiptingu starfsfólks og nemenda sem hefur í för með sér ýmsar aðrar breytingar á skipulagi starfshátta þeirra. Nemendur hafa ekki getað mætt í valgreinar og aukið álag lagst á umsjónarkennara. Kennarar MS hafa þurft að breyta sínum kennsluháttum frá því að vera alfarið með fjarkennslu á vorönn 2020, yfir í blöndu af fjar- og staðkennslu á haustönn 2020 og aftur yfir í hreint fjarnám í bóklegum greinum og íþróttum á vetrarönn 2020. Þessu hefur fylgt gríðarlegt álag á kennara og skólastofnunina en jákvæð áhrif ástandsins eru mikil þegar litið er til starfsþróun kennara í tengslum við kennslufræði í fjarkennslu og nýtingu tækni til kennslu.

Annað frávik er það að hlutverk Önnu Kristínar Sigurðardóttur tók breytingum frá upphaflegri áætlun. Anna Kristín baðst undan því að stýra verkefninu en var engu að síður faglegur ráðgjafi hópsins allan tímann. Til stóð að Hafdís Guðjónsdóttir kæmi inn á vordögum með fræðslu um starfendarannsóknir kennara og eru enn áform uppi um að raungera það á vordögum 2021. Þriðju og síðustu frávikin voru þau að ekki varð af eins miklu samstarfi með nemendur eins og til stóð auk þess sem meginmarkmið verkefnisins að skapa lærdómssamfélag kennara í Vogaskóla og MS náðist ekki að fullu þó svo að það hafi verið á góðri leið og verkefnisstjórar telji áhugavert að fara af stað að nýju þegar tækifæri gefst til.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Það að verða lærdómssamfélag snýst um að vinna saman á þann hátt að það leiði til skólaþróunar. Forsenda fyrir slíku samstarfi er að fólk sé á sömu vegferð og ætli í sama ferðalagið. Kennarar sem tóku þátt í verkefninu komu af ólíkum forsendum að verkefninu. Í MS var óskað eftir áhugasömum þátttakendum á meðan kennarar í Vogaskóla fengu tilmæli um að taka þátt í tengslum við almenna starfsþróun umsjónarkennara í unglingadeild. Þetta gerði það að verkum að helmingur hópsins var með ákveðnar væntingar til þess sem hver og einn fengi persónulega út úr samstarfinu. Þegar kom að því að vinna saman með nemendum kom einnig vel í ljós ólíkt fyrirkomulag skólastarfs í skólunum báðum. Ljóst varð að báðir skólar þyrftu að sýna sveigjanleika í skipulagi skólastarfs ef raungera ætti samstarfið með samvinnu nemenda. Í MS er lítill sveigjanleiki í stundatöflunni þar sem nemendur fara á milli hópa til ólíkra kennara yfir daginn. Engu að síður var ákveðið að láta skipulag stundaskrár ekki hindra framkvæmd verkefnisins.

Þar sem ekki var sérvalið inn í verkefnið frá MS komu kennarar skólans úr ólíkum áttum og pössuðu námsgreinar þeirra ekki alltaf saman við námsgreinar kennara í Vogaskóla. Til dæmis var enginn dönskukennari frá MS með í verkefninu, en bæði kennari í frönsku og þýsku, greinum sem ekki eru kenndar í Vogaskóla. Einnig var hagfræðikennari frá MS með í verkefninu en í Vogaskóla er ekki kennd hagfræði. Samvinna þessara einstaklinga kallaði á skapandi hugsun.

Skemmst er frá því að segja að verkefnið fékk mótbyr strax í febrúar vegna langvarandi verkfalls ræstingafólks í Vogaskóla sem orsakaði tilfærslur á skipulagi og breytingar á stundatöflu í Vogaskóla og þar með vinnutíma fólks. Á sama tíma voru annarskipti í MS. Þrátt fyrir þetta hélt hópurinn ótrauður áfram þegar komið var fram í byrjun mars og stefndi á að ná markmiðum sínum fyrir vorið.

Heimsfaraldur Covid19 tók síðan yfir líf og störf fólks frá miðjum mars og ekki varð úr frekari samvinnu milli skólanna eftir það að undanskyldu einu tilviki. Covid19 hafði þann áhrifamátt að að heildarmarkmið verkefnisins náðust ekki og því lauk ekki eins og gert var ráð fyrir árið 2020.

Ávinningur og jákvæð áhrif verkefnisins:

- Það hefur margvíslegan ávinning í för með sér að vinna saman þvert á skólastig. Fyrst ber að nefna að til verður gott samtal á milli skólastiga um hvar mörkin á milli þeirra liggja. Fyrstu sameiginlegu fundirnir voru nýttir til þess að kynnast og mynda kennarapör faggreina milli skólastiga. Á þessum fundum var fjallað um námskrár skólanna og samfella á milli skólastiga skoðuð. Ýmislegt fróðlegt kom þar í ljós eins og hvernig grunnáfangar í stærðfræði, ensku og íslensku sem áður voru kenndir í framhaldsskólum hafa verið færðir niður í grunnskólann án þess að nauðsynlegt samtal hafi átt sér stað þar um.
- Verkefnið gaf kennurum tækifæri til þess að læra hver af öðrum og eiga uppbyggilegt samstarf á faglegum grundvelli.
- Kennarar MS lærðu mikið af því að kynnast því hvernig Vogaskóli nýtir hæfnikort og voru þátttakendur sammála um að full ástæða væri til þess að hæfnikort nemenda fylgdi þeim áfram yfir í framhaldsskólann.
- Kennarar í Vogaskóla fengu innsýn inn í leiðsagnarnám og notkun matskvarða í MS og þá tækni sem er nýtt í kennslu á framhaldsskólastigi.

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um samstarfsverkefni sem annaðhvort var lokið eða voru í vinnslu hjá þátttakendum í verkefninu og til stóð að raungera í mars og apríl 2020 með uppskeruhátíð þann 6. maí 2020.

Verkefni	Hvað:	Markmið:	Hver:	Hvenær:
Draumasamfélagið	Þemaverkefni	Að auka vitund nemenda um uppbyggingu samfélagsins, lífsgæði og framlag hvers og eins til samfélagsins	Nemendur í 10. bekk Vogaskóla og 1 hópur nemenda í FÉLA2ES05 í MS	2 vikur í apríl
Stærðfræði	Tölfræði	Samvinna nemenda á ólíkum skólastigum	Nemendur í 9. bekk Vogaskóla og nemendur í STÆR3MD05	Desember 2019
Stærðfræði	Stærðfræði-dagurinn	Samvinna nemenda á ólíkum skólastigum	Nemendur í 8. bekk Vogaskóla og nemendur í STÆR3MD05	Febrúar 2020
Þýska/danska	Málvísinda-verkefni	Bera saman einföld atriði á milli tungumála	Nemendur í 10. bekk Vogaskóla og nemendur í ÞÝSK2ES05	Lok apríl 2020
Tungumáladagur	Verkferill	Búa til verklýsingu fyrir verkefnið	Kennarar beggja skóla	Mars 2020
Enska	Kynningarefni	Vekja áhuga grunnskólanemenda á ensku	Nemendur í MS útbúa kynningar og kynna	Mars 2020
Náttúruvísindi	Sápugerð	Auka áhuga nemenda Vogaskóla á náttúruvísindum	Nemendur Vogaskóla fá að gera tilraun í MS	Mars 2020

Hópurinn sem heild lærði að verkefni sem þetta er langtímaverkefni sem ekki verður klárað á einum vetri. Mögulega þarf fyrst að sá frægum meðal kennara skólanna til dæmis með sameiginlegum fræðslufundum og verkefnum þar sem fólk fær sameiginleg verkefni til þess að

leysa. Einnig væri ráð að halda sameiginlegar menntabúðir og bjóða kennurum hvors skóla fyrir sig að nýta sér það sem fram fer í nágrannaskólanum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Þróunarverkefni um myndun lærdómssamfélags á milli skólastiga var stórhuga hugmynd. Verkefnið gekk vel framan af og hafði alla burði til þess að takast. Verkefnisstjórar voru þó hóflega bjartsýnir þar sem það var alls ekki víst frá upphafi hvort það tækist að mynda faglegt lærdómssamfélag kennara þrátt fyrir góðan vilja, enda um flókið fyrirbæri að ræða sem þróast að hluta til á náttúrulegan hátt.

Þrátt fyrir að lærdómssamfélagið sem slíkt hafi ekki beinlínis orðið að veruleika var verkefnið á góðri leið þegar það stoppaði. Það sem ekki náðist voru nokkur samstarfsverkefni sem áformað var að vinna í mars og apríl 2020 en þróunarverkefnið var komið of stutt á veg til þess að forsendur hefðu verið til þess að að vinna þessi verkefni fyrr. Það sést einkum á því að stærðfræðikennarar skólanna sem hafa átt í samstarfi um árabíl voru fljótir að taka upp þráðinn og skipuleggja samvinnu nemenda á meðan aðrir kennarar þurftu lengri tíma til þess að kynnast, skapa traust og finna sameiginlegan samstarfsgrundvöll.

Annað sem ekki varð að veruleika voru fyrirlestrar Hafðísar Guðjónsdóttur um starfendarannsóknir kennara en þeir verða haldnir seinna á þessu skólaári og tvinnaðir saman við starfendarannsóknar hóp kennara í MS.


Samkvæmt umsókn stóð til að útbúa líkan að lærdómssamfélagi á milli skólastiga. Er þetta líkan enn á hugmyndastigi og verður ekki kynnt að sinni.

Niðurstöður verkefnisins:


Gott samtal á milli skólastiga, aukinn skilningur á verkefnum hver annars og stöðu kennara á ólíkum skólastigum eru meðal niðurstaðna verkefnisins. Kennarar unnu saman og ígrunduðu starf sitt og það er einmitt það sem felst í lærdómssamfélagi og er að margra mati talið vera lykill að skólaþróun. Í framhaldinu leitast þátttakendur við að gera jákvæðar og styrkjandi umbætur á starfi sínu í þeim tilgangi að gera skólann betri fyrir nemendur. Ekki er það kortlagt hvort umbætur hafi orðið en eftir situr tilraun sem var gerð til þess að mynda lærdómssamfélag á milli skólastiga sem er til margs nýt. Hægt er að líta á verkefnið í heild sem nauðsynlegan undanfara þess að geta byggt upp faglegt lærdómssamfélag milli skólastiga. Það gefur skólunum tækifæri til þess að byrja upp á nýtt með því að feta í eigin fótspor en samtímis forðast hindranir og þekktar áskoranir sem urðu á veginum í fyrri tilraun.

Stjórnendur skólanna þakka Sprotasjóði fyrir veittan styrkt en styrkur sem þessi er nauðsynlegur til þess að vinna að sérstökum verkefnum innan skólakerfisins. Skólastjórnendur skólanna eiga með reglulegum hætti gott samtal og eru þess fullvissir að verði tilraun sem þessi gerð að nýju gangi hún betur næst.


Reykjavík, 15. desember 2020



Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor Menntaskólans við Sund



Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund



Snædís Valsdóttir, skólastjóri Vogaskóla

Heimildir:

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2010). Professional learning community in relation to school effectiveness. Í *Scandinavian journal of educational research*, 54, 395-412.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 35-55). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hafdís Guðjónsdóttir. (2004). Kennarar ígrunda og rannsaka eigið starf. Í *Tímariti um menntarannsóknir 2004*; 1:s. 27-38.

Hafdís Guðjónsdóttir. (2005). Researching with teachers: Making responsive professional practice visible (and viable). Í F. Bodone (ritstjóri), *What a difference does research make and for whom?* (bls. 161–176). New York: Peter Lang.

Hafþór Guðjónsson. (2011). Kennarinn sem rannsakandi. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011.

Hargreaves, A og Fullan, M. (2012). *Professional capital. Transforming teaching in every school*. New York: Teachers College Press.

Hord, S. M. (2004). *Learning together, leading together. Changing schools through professional learning communities*. New York: Teachers College Press.

Hord, S. M. og Roy, P. (2014). *Creating learning communities*. Í Hord, S. M. og Roy, P. (ritstjórar) *Reach the highest standard in professional learning, Learning communities*, (bls. 19-60). London: Sage.

Þorsteinn Hjartarson og Þórdís H. Ólafsdóttir. (2017, 5. janúar). Árborgarmódelið í skólumálum – hvað gerum við. Í *Skólaþráðum*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2017/01/05/arborgarmodelid-i-skolamalum-hvad-gerdumvid/>

